





Þekkingarnet  
Þingeyinga

# MANNFJÖLDAÞRÓUN Í ÞINGEYJARSÝSLUM

2014-2023



Desember 2023

Þekkingarnet Þingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins: Þekkingarnet Þingeyinga  
Menntunarstig íbúa á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga: Þekkingarnet Þingeyinga

*Ábyrgð/ritstjórn:*

*Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir*

*Framkvæmd:  
Helena Eydís Ingólfsdóttir*

ISBN 978-9935-405-71-5

## EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>Sveitarfélög</b> .....	<b>2</b>
<b>Langanesbyggð</b> .....	<b>2</b>
<b>Norðurþing</b> .....	<b>5</b>
<b>Tjörneshreppur</b> .....	<b>8</b>
<b>Þingeyjarsveit</b> .....	<b>11</b>
<b>Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga í heild</b> .....	<b>14</b>
<b>Byggðakjarnar</b> .....	<b>17</b>
Bakkafjörður .....	17
Þórshöfn .....	17
Raufarhöfn .....	18
Kópasker .....	18
Húsavík .....	19
Laugar .....	19
Reykjahlíð .....	20
<b>Þéttbýliskjarnar og dreifbýli</b> .....	<b>21</b>
685 og 686 Bakkafjörður .....	21
680 og 681 Þórshöfn .....	21
675 og 676 Raufarhöfn .....	22
670 og 671 Kópasker .....	22
640 og 641 Húsavík .....	23
607 Akureyri, 650 Laugar og 645 Fosshóll .....	23
660 Mývatnssveit .....	24
Svæðið allt eftir póstnúmerum .....	24
<b>Menntunarstig íbúa á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga</b> .....	<b>25</b>
<b>Helstu niðurstöður</b> .....	<b>28</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>31</b>

## INNGANGUR

Frá árinu 2007 hefur starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga tekið saman tölur um mannfjöldapróun í einhverri mynd. Fyrsta skýrslan náði eingöngu til Norðurþings en tveimur árum síðar var gefin út í fyrsta sinn skýrsla sem náði til starfssvæðis Þekkingarnetsins í heild sinni. Útgáfan þróaðist og nær samantektin yfir 10 ára tímabil og hefur gert það frá og með árinu 2011. Í hverri skýrslu er íbúapróunin skoðuð út frá fjölda, kyni og aldri. Síðari ár hafa bæst við skýrslurnar kafla sem er breytilegur hverju sinni en þar hefur verið fjallað um tiltekna hópa s.s. yngri en 18 ára, íbúa á vinnualdri og 60 ára og eldri, aðflutta og brottflutta. Allt er þetta gert til að fylgjast með byggðapróun og hvernig mannfjöldinn skiptist niður á svæði, aldur og kyn. Að þessu sinni er fjallað sérstaklega um menntunarstig íbúa á svæðinu og notuð til þess gögn úr manntali sem fór fram árin 2011 og 2021. Þau gögn taka til íbúa sem eru 25 ára og eldri þegar manntalið fór fram.

Árið 2022 markar þau tímamót þegar hjól atvinnulífsins fóru að snúast af meiri krafti en þau höfðu gert eftir að heimsfaraldurinn COVID-19 skall á. Heimsfaraldurinn hafði sín áhrif í Þingeyjarsýslum eins og annars staðar. Það sást meðal annars á því að færri störf voru við ferðaþjónustu og að framleiðsla PCC BakkiSilicon á kísilmálmí lá niðri frá ágústmánuði 2020 til aprílmánuðar 2021 en einnig í því að íbúafjöldi dróst saman á árinu 2021. Á árinu 2022 tók að fjölga á ný eftir því sem lifnaði yfir atvinnulífi á svæðinu.


Gögn skýrslunnar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Svæðið sem Þekkingarnetið sinnir er víðfeðmt, nær frá austanverðri Vaðlaheiði til Bakkafjarðar og er alls um 18 þúsund ferkílómetrar að stærð. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en annars skiptist svæðið í dreifbýli og nokkra minni byggðakjarna. Tölur um byggðakjarna eru byggðar á efni sem nær aftur til ársins 2014. Samantektin í ár er eins og á síðasta ári samantekt á þróun síðustu 10 ára auk umfjöllunarinnar um menntunarstig íbúa.

Ekki er hægt annað en að minnast á þær stjórnsýslulegu breytingar sem urðu á svæðinu á árinu 2022 sem hafa áhrif á birtingu gagna skýrslunnar. Sveitarfélögin Svalbarðshreppur og Langanesbyggð sameinuðust og heitir nýja sveitarfélagið Langanesbyggð. Þá varð einnig sameining sveitarfélaga í gömlu Suður-Þingeyjarsýslu þegar sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit sameinuðust undir heiti Þingeyjarsveitar. Við birtum hér í fyrsta skipti gögn vegna þessara nýju sveitarfélaga og eldri gögn vegna þeirra byggja á því að lögð eru saman gögn frá forverum þeirra til að sjá þróunina yfir tíma. Allar niðurstöðurnar eru settar fram myndrænt og leitast er við að hafa framsetningu skýra og einfalda.


Fyrri skýrslur um íbúapróun á svæðinu má nálgast á vefsíðu Þekkingarnetsins, [www.hac.is](http://www.hac.is), <https://hac.is/rannsoknir/utgefid-efni/>

## SVEITARFÉLÖG


### LANGANESBYGGÐ




Mynd 1. Íbúafjöldi í Langanesbyggð árin 2014–2023.



Mynd 2. Kynjaskipting í Langanesbyggð árin 2014–2023.



Mynd 3. Aldursdreifing í Langanesbyggð árin 2019 og 2023.




Mynd 4. Meðalaldur íbúa í Langesbyggð í samanburði við landsmeðaltal.


Eftir að hafa fjölgað á árunum 2021 og 2022 fækkaði íbúum um 8 í Langesbyggð á milli áráanna 2022 og 2023. Íbúar eru nú 592, eða álíka margir og þeir voru áður en COVID-19 skall á. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langesbyggð en um 56% íbúa eru karlar og 44% íbúa eru konur. Körlum fækkaði um einn á milli ára en konum fjölgaði um eina. Meðalaldur íbúa sem hefur á undanföörnum 10 árum verið nálægt meðalaaldri á landinu öllu hefur farið hækkandi á undanföörnum árum, úr 35,7 árum í 40,7 ár, og er nú um 2 árum hærri en á landinu öllu. Þegar aldursdreifing var borin saman fyrir árin 2019 og 2023 kom í ljós að línuleg leitni karla er lítið breytt, en á henni sést einna helst hækkandi aldur karla. Sömu sögu er að segja af línulegri leitni kvenna, sem gefur til kynna að aldur kvenna fer hækkandi í samfélaginu.




## NORÐURÞING




Mynd 5. Íbúafjöldi í Norðurþingi árin 2014–2023.



Mynd 6. Kynjaskipting í Norðurþingi árin 2014–2023.




Mynd 7. Aldursdreifing í Norðurþingi árin 2019 og 2023.




Mynd 8. Meðalaldur í Norðurþingi í samanburði við landsmeðaltal.

Íbúum í Norðurþingi fjölgaði um 115 á milli árána 2022 og 2023 og er að nálgast þann fjölda sem var í sveitarfélaginu á meðan framkvæmdir á Bakka og Þeistareykjum stóðu sem hæst. Fjölgunin nemur 3.78%. Á milli árána 2022 og 2023 var hlutfallsleg fjölgun kvenna um 1% meiri en karla. Kynjahlutföllin eru 47,1% konur og 52,9% karlar. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi er áfram á milli 40 og 41 ár eins og undanfarin ár, 40,5 ár við upphaf árs 2023 eða 1,9 ár yfir landsmeðaltali. Línuleg leitni gefur til kynna fleir karlar og konur tilheyri yngri aldurshópnum m.v. árið 2019. Þegar litið var á aldursdreifingu kom í ljós að aldursdreifing kvenna var sambærileg árið 2019 og 2023 ef frá eru taldir aldurshóparnir 20-24 ára sem eru fámennari 2023 og 30-39 ára sem eru fjölmennari 2023. Mesta breytingin á milli árána 2019 og 2023 hjá körlum er í aldurshópnum 20-24 og 45-54 ára þar sem fækkar og 30-34 ára þar sem er þó nokkur fjölgun.


## TJÖRNESHREPPUR




Mynd 9. Íbúaföldi í Tjörneshreppi árin 2014–2023.



Mynd 10. Kynjaskipting íbúa í Tjörneshreppi árin 2014–2023.




Mynd 11. Aldursdreifing í Tjörneshreppi árin 2019 og 2023.




*Mynd 12. Meðalaldur í Tjörneshreppi í samanburði við landsmeðaltal.*

Íbúum í Tjörneshreppi fækkaði um 1 á milli árána 2022 og 2023 og eru nú 60 talsins. Karlar eru áfram fleiri en konur, 31 talsins en konurnar 29. Meðalaldur í Tjörneshreppi lækkaði um 0,1 og er nú 17 árum hærri en landsmeðaltal. Meðalaldur er hvergi hærri á svæðinu en í Tjörneshreppi. Aldursdreifing er mjög ójöfn og erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.


## ÞINGEYJARSVEIT



Mynd 13. Íbúaföldi í Þingeyjarsveit árin 2014–2023.




Mynd 14. Kynjaskipting í Þingeyjarsveit árin 2014–2023.



Mynd 15. Aldursdreifing í Þingeyjarsveit árin 2019 og 2023.






*Mynd 16. Meðalaldur íbúa í Þingeyjarsveit í samanburði við landsmeðaltal.*

Íbúum í Þingeyjarsveit fjölgaði á milli ára úr 1350 í 1393 eða um 43. Íbúar eru nú fleiri en þeir voru áður en framkvæmdir við Þeistareykjavirkjun hófust. Fjölgunin nemur 3,2%. Hvort tveggja körlum og konum fjölgaði á milli áráanna 2022 og 2023, konum fjölgaði þó hlutfallslega meira en körlum og leitar kynjahlutfallið því í jafnari átt. Karlar eru nú 51,7% en konur eru 48,2%. Línuleg leitni karla og kvenna bendir til áþekkrar stöðu á milli áráanna 2019 og 2023 í þróun kynja- og aldursdreifingar. Meðalaldur lækkar á milli ára og er nú 41,9 ár og er því á áþekktum stað og var áður en framkvæmdir hófust á Þeistareykjum.


## STARFSSVÆÐI ÞEKKINGARNETS ÞINGEYINGA Í HEILD




Mynd 17. Heildarmannfjöldi á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga árin 2014-2023.



Mynd 18. Kynjaskipting íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins á árunum 2014-2023.



Mynd 19. Samantekt á aldursdreifingu á öllu svæðinu árin 2019 og 2023.




*Mynd 20. Meðalaldur íbúa í Fingeyjarsýslu í samanburði við landsmeðaltal.*

Þegar svæðið var skoðað í heild sinni kom í ljós að íbúum fjölgaði um 2,9% á milli ára. Hvort tveggja körlum og konum fjölgar en konum þó örlítið meira. Körlum fjölgaði um 64 en konum um 84. Hlutfall kvenna var 47,2% á móti 52,8% hjá körlum. Meðalaldur er því sem næst óbreyttur, fer úr 41,2 í 41,1 sem er um það bil það sama og var árið 2017. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 30-34 ára eru töluvert fleiri árið 2023 en var árið 2019. Færri íbúar eru á aldrinum 20-24 ára af báðum kynjum og karlar á aldrinum 45-49 ára eru færri. Línuleg leitni kynja- og aldursdreifingar er því sem næst óbreytt á milli áráanna 2019 og 2023.


## BYGGÐAKJARNAR

### Bakkafjörður




Mynd 21. Íbúafjöldi á Bakkafirði árin 2014–2023.

### Þórshöfn




Mynd 22. Mannfjöldi á Þórshöfn árin 2014–2023.

## Raufarhöfn




Mynd 23. Mannföldi á Raufarhöfn árin 2014–2023.

## Kópasker




Mynd 24. Mannföldi á Kópaskeri árin 2014–2023.

## Húsavík




Mynd 25. Mannföldi á Húsavík árin 2014–2023.

## Laugar



Mynd 26. Mannföldi á Laugum árin 2014–2023.

## Reykjahlið




Mynd 27. Mannföldi í Reykjahlið árin 2014–2023.




## ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG DREIFBÝLI

### 685 og 686 Bakkafjörður




Mynd 28. Mannfjöldi í póstnúmerunum 685 og 686 Bakkafjörður.

### 680 og 681 Þórshöfn




Mynd 29. Mannfjöldi í póstnúmerunum 680 og 681 Þórshöfn.

## 675 og 676 Raufarhöfn




Mynd 30. Mannfjöldi í póstnúmerunum 675 og 676 Raufarhöfn.

## 670 og 671 Kópasker




Mynd 31. Mannfjöldi í póstnúmerunum 670 og 671 Kópasker.

## 640 og 641 Húsavík




Mynd 32. Mannfjöldi í póstnúmerunum 640 og 641 Húsavík.

## 607 Akureyri, 650 Laugar og 645 Fosshóll




Mynd 33. Mannfjöldi í póstnúmerunum 607 Akureyri, 645 Fosshóll og 650 Laugar.

## 660 Mývatnssveit




Mynd 34. Mannfjöldi í pósthúmerinu 660 Mývatnssveit (Reykjahlíð og nærsveitir).

## Svæðið allt eftir pósthúmerum




Mynd 35. Mannfjöldi á svæðinu öllu eftir pósthúmerum.


## MENNTUNARSTIG ÍBÚA Á STARFSSVÆÐI ÞEKINGARNETS ÞINGEYINGA




Mynd 36. Menntunarstig eftir sveitarfélögum 2011 borið saman við menntunarstig á landinu öllu.




Mynd 37. Menntunarstig eftir sveitarfélögum 2021 borið saman við menntunarstig á landinu öllu.



Mynd 38. Grunnmenntun eftir kynjum og sveitarfélögum 2011 og 2021, borið saman við landið allt.



Mynd 39. Framhaldsskólamenntun eftir kynjum og sveitarfélögum 2011 og 2021 borið saman við landið allt.



*Mynd 40. Háskólamenntun eftir kynjum og sveitarfélögum 2011 og 2021 borið saman við landið allt.*

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Í **Langesbyggð** fækkaði íbúum um 1,33% á milli áráanna 2022 og 2023. Kynjahlutföll eru frekar ójöfn í Langesbyggð þar sem 56% íbúa eru karlar og 44% íbúa eru konur. Meðalaldur íbúa var 40,7 ár og er nú 2,1 ári yfir landsmeðaltali. Þegar aldursdreifing var borin saman á milli áráanna 2019 og 2023 kom í ljós að línuleg leitni karla og kvenna er lítið breytt, en gefur helst til kynna hækkandi aldur íbúa.

Íbúum í **Norðurþingi** fjölgaði um 115 á milli áráanna 2022 og 2023. Fjölgunin nemur 3,78% á milli ára. Hlutfallsleg fjölgun kvenna var um 1% meiri en karla. Kynjahlutöllin eru nú 47,1% konur og 52,9% karlar. Meðalaldur íbúa í Norðurþingi er 40,5 ár eða 1,9 ár yfir landsmeðaltali. Línuleg leitni gefur til kynna hvort tveggja fjölgun íbúa og fjölgun í yngri aldurshópnum bæði meðal karla og kvenna. Þegar lítið var á aldursdreifingu kom í ljós að fjölgun á sér stað í aldurshópnum 0-4 ára hjá báðum kynjum og í aldurshópnum 5-9 ára hjá körlum. Miðað við árið 2019 er fækkun í aldurshópnum 20-24 ára en töluverð fjölgun í aldurshópnum 30-34 ára en í þeim hópi er einna mest breyting á tímabilinu frá 2019-2023. Körlum fækkar í aldurshópnum 45-54 ára. Helstu skýringar á breytingum á þessum aldurshópi karla er að finna í framkvæmdatíma vegna þeistareykja og Bakka um og eftir 2019 og fluttu þá margir sem höfðu starfað á svæðinu í burtu.

Í **Tjörneshreppi** fækkaði um einn íbúa á milli áráanna 2022 og 2023 og eru þeir nú 60 talsins. Karlar eru tveimur fleiri en konur. Meðalaldur lækkaði og er nú 56 ár og er hvergi hærri á svæðinu en í Tjörneshreppi. Þar hefur hann þó lækkað undanfarin ár eftir að hafa verið 58 ár árið 2020. Aldursdreifing er mjög ójöfn en erfitt er að draga ályktanir út frá henni vegna fámennis í sveitarfélaginu.

Íbúum **Þingeyjarsveitar** fjölgaði um 43 íbúa, úr 1350 í 1393. Þeir eru nú fleiri en þeir voru á meðan á framkvæmdum stóð við þeistareykjavirkjun. Karlar eru nú 51,7% en konur 48,2% íbúa í sveitarfélaginu. Línuleg leitni karla og kvenna bendir til áþekkrar stöðu og var árið 2019 í þróun aldurs og kynjahlutfalls. Meðalaldur íbúa lækkar á milli ára og er nú 41,9 eða 3,3 árum hærri en á landinu öllu. Hann er nú á áþekkingum stað og var áður en framkvæmdir hófust á þeistareykjum. Íbúum á aldrinum 20-29 ára sem og 45-49 ára fækkar á tímabilinu frá 2019-2023 en þó nokkur fjölgun á sér stað meðal íbúa á aldrinum 30-34 ára.

Þegar **svæðið í heild** sinni var skoðað kom í ljós að íbúum fjölgaði um 2,9% á milli ára. Hvort tveggja körlum og konum fjölgar. Körlum fjölgaði um 64 en konum um 84. Hlutfall



kvemma var 47,2% á móti 52,8% hjá körlum samanborið við konur 46,9% á móti 53,1% hjá körlum á árinu 2022. Meðalaldur er því sem næst óbreyttur á milli ára, fer úr 41,2 ári í 41,1 ár. Þegar aldursdreifingin var skoðuð kom í ljós að bæði karlar og konur á aldrinum 30-34 ára voru töluvert fleiri árið 2023 en 2019. Færri íbúar eru á aldrinum 20-24 ára af báðum kynjum og karlar á aldrinum 45-49 ára eru færri. Línuleg leitni í aldursdreifingu eftir kynjum er áþekk því sem var árið 2019.

## Byggðakjarnar og dreifbýli

Niðurstöður um fjölda íbúa í byggðakjörnum á svæðinu sýnir að íbúum á **Bakkafirði hefur fækkað** jafnt og þétt frá árinu 2015 ef frá eru talin árin 2019, 2021 og 2023. Neikvæð íbúapróun heldur áfram í dreifbýlinu í nágrenni Bakkafjarðar en þar hefur íbúum fækkað úr 26 í 11 á tímabilinu frá 2014-2023. Íbúum á **Þórshöfn** fækkaði á milli áráanna 2022 og 2023 um 7 manns. Í dreifbýlinu fækkaði úr 143 í 138 íbúa á milli áráanna 2022 og 2023. Á **Raufarhöfn** fjölgaði íbúum um 15 og í dreifbýlinu er íbúafjöldi óbreyttur. Á undanförunum 10 árum hefur íbúafjöldi á Raufarhöfn sveiflast til um sem nemur um 29 íbúa frá því sem fjölmennast og fámennast hefur verið. Íbúum í dreifbýlinu við Raufarhöfn fækkaði um tvo úr 12 í 10 á milli áráanna 2022 og 2023. Á **Kópaskeri** fjölgaði um fimm og sömu sögu er að segja úr dreifbýlinu þar sem fjölgar um tvo íbúa. Íbúar á Kópaskeri hafa ekki verið fleiri á tímabilinu frá 2014-2023. Fæstir voru þeir 109 en eru nú 128. Íbúum á **Húsavík** fjölgaði um 75 manns á milli ára og er íbúafjöldinn nú kominn yfir 2.500 manns en svo fjölmennt hefur ekki verið á Húsavík á þessari öld. Íbúar á Húsavík voru síðast yfir 2.500 árið 1996 þegar þeir voru 2.511. Síðastliðin tíu ár hefur íbúum á Húsavík fjölgað um 13,7%. Þegar litið var á mannfjölda í póstnúmerinu 641, dreifbýli í námunda við Húsavík kom í ljóst að íbúum þar fjölgaði um 23, úr 697 í 720. Á **Laugum** fjölgaði íbúum um tvo og eru íbúar þar nú 107. Íbúafjöldi í dreifbýlinu í kringum Lauga og í Bárðardal jókst úr 207 í 221. Íbúum í **Reykjahlíð** fjölgaði um þrjá á milli áráanna 2022 og 2023. Í dreifbýlinu í Mývatnssveit fækkaði um fjóra. Nú búa 62 fleiri íbúar í dreifbýli en þéttbýli í þeim hluta Þingeyjarsveitar sem áður tilheyrði Skútustaðahreppi, þar hefur dreifbýlið unnið á frá árinu 2014.

## **Menntunarstig íbúa 2011-2021**

Gögn um menntunarstig eru að mestu leyti skoðuð út frá eldri sveitarfélagamörkum, þ.e. fyrir sameiningar sem urðu á árinu 2022. Ef menntunarstig á árinu 2011 er borið saman á milli sveitarfélaganna og við landið allt má sjá að menntunarstig í öllum sveitarfélögunum er lægra en á landinu öllu, þ.e. í öllum sveitarfélögunum eru fleiri íbúar sem einungis hafa grunnmenntun. Íbúar í Skútustaðahreppi skera sig þó aðeins úr hvað þetta varðar því þar er því sem næst jafnt hlutfall íbúa og á landinu öllu sem hefur einungis grunnmenntun. Ef horft er til ársins 2021 hefur hlutfall íbúa sem einungis hafa grunnmenntun, lækkað í öllum sveitarfélögunum nema Skútustaðahreppi þar sem það hefur hækkað um nokkur prósentustig.

Ef menntunarstig er skoðað eftir kynjum má sjá að konum sem einungis höfðu grunnmenntun fækkar hlutfallslega í öllum sveitarfélögunum og er þróunin áþekk því sem á sér stað á landsvísu en þó eru hlutfallslega fleiri konur á starfssvæði Þekkingarnetsins einungis með grunnmenntun en á landinu öllu. Hlutfall karla sem einungis hafa grunnmenntun lækkar í Norðurþingi og Þingeyjarsveit en hækkar í Langanesbyggð á milli árána 2011 og 2021. Þróunin er áþekk varðandi menntun á framhaldsskólastigi, en körlum og konum fækkar hlutfallslega sem hafa lokið menntun á framhaldsskólastigi ef Þingeyjarsveit er undanskilin en þar fjölgar þeim sem lokið hafa menntun á framhaldsskólastigi. Íbúum sem lokið hafa háskólamenntun fjölgar hlutfallslega í sveitarfélögunum þremur og er þróunin í samræmi við það sem á sér stað á landinu öllu. Hlutfallslega eru þó fleiri konur með háskólamenntun og þeim fjölgar meira en körlum með háskólamenntun.

## HEIMILDIR

Hagstofa Íslands (2023). Mannfjöldi 1. janúar 2023. Sótt á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) 09. mars 2023.

